

**Fundargerð 98. fundar Félagstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn mánudaginn 6. maí, 2019, kl. 10.00 í félagsaðstöðu  
sjúkraliða, við Grensásveg 16, Reykjavík.**

Mættir til fundar:

Sandra B Franks, formaður SLFÍ

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkureild

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri

Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild

Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdeild

Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðadeild

Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild

Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn

Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn

Fjarverandi:

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild

Fundarritun: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og  
Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

## Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Staðan í kjaramálum
  - ✓ *Stytting vinnuvikunnar*
  - ✓ *Bókun 8*
  - ✓ *Staða kjarasamninga*
4. Undirbúningur að 28. Fulltrúapingi SLFÍ
  - ✓ *Ársreikningar SLFÍ 2018*
  - ✓ *Starfsmenn þingsins*
  - ✓ *Skýrsla stjórnar/formanns*
  - ✓ *Mönnun á hjúkrunarheimilum*
5. Fréttir frá formanni
  - ✓ *EPN fundur í Osló*
  - ✓ *EPN fundur og málþing í Tromsø 4. til 5. júní 2020*
  - ✓ *Launaskriðstrygging, dómsmál*
  - ✓ *Hýrudráttarmáið*

- ✓ *Fagháskólanám, framvinda*
- ✓ *Fyrirhugaður vinnufundur Kiðjaberg í september – október*
- ✓ *Aðalfundur BSRB 10. maí 2019 kl. 10.00 til 15.00*

## 6. Önnur mál

- *Staðan vegna fyrirhugaðs starfsmats á LSH - GÖG*
- *Sjúkraliðanemalaun - HDS*
- *Óánægja vegna stofnanasamninga á HSA - HS*
- *Réttindi vegna ábyrgðarstarfa. - GÖG*

## Fundargerð

### 1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands bauð fundarmenn velkomna á fundinn og sagði frá því að Ása Steinunn Kjartansdóttir formaður Vestmannaeyjadeildar væri fjarverandi. Hún baðst afsökunar á því að dagskráin var send frekar seint út. Farið var yfir skipulagið á fundinum og fram kom að Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ þyrfti að víkja af fundi vegna annars fundar.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

### 3. Staðan í kjaramálum

#### *Stytting vinnuvikunnar*

- Sandra fór yfir að hún og GÖG væru búin að fara á 20 fundi víðs vegar um landið og var þátttaka mjög góð fyrir utan Reykjavík, en á þann fund mættu mjög fáir. Það hafði verið ætlunin að halda fundi á vinnustöðum en Landspítalin neitaði félaginu að koma inn á vinnustaðinn vegna skorts á fundarsölum á spítalanum var því ákveðið að hafa fund einn í Reykjavík í félagsaðstöðu SLFÍ.

GÖG fór yfir það sem rætt var á fundunum, helstu áhersluatriði sem fram komu og benti á þau tilraunaverkefni sem búin eru að vera í gangi varðandi styttingu vinnuvikunnar. Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFÍ og „forstöðumaður“ kjarna hjá Reykjavíkurborg tók þátt í umræðunni og fór yfir hvernig gengið hefði á hennar vinnustað að stytta vinnuvikuna. Fram kom að það hefur gengið mjög vel, JJS tók einnig fram að samvinna milli starfsmanna hafi líka aukist þannig að allir hjálpuðust að við að klára verkin svo styttingin gangi betur fyrir sig.

GÖG fór einnig yfir þau áherslu atriði sem félagið, kjaramálanefndin og sjúkraliðar um land allt leggja áherslu á í væntanlegum viðræðum. Niðurstaða

könnunar sem gerð var meðal sjúkraliða sýnir mikinn áhuga fyrir styttingu vinnuvikunnar og að sjálfsögðu hækkun og um leið leiðréttingu launa. Fram kom hjá GÖG að kjaramálanefnd væri að fylgjast vel með þeim samningum sem eru í gagni.

#### *Bókun 8*

- SBF fór yfir innihald bókar 8 og að hún hafi komið í samninginn við ríkið 2015 og er um aukið fjármagn til félagsins til stuðnings við starfsmenntun og starfsþróun. Þessir fjármunir hafa safnast upp hjá ríkinu, en verið er að klára að semja um hvernig þetta verður framkvæmt en erfiðlega hefur gegnið að ná sáttum um skipulag sjóðanna. Jakobína Rut Daníelsdóttir (JRD) spurði um uppstillingu í stjórn þessa sjóðs/sjóða (Starfsþróunarsjóður 0,5% og Fræðslusjóður 0,25%), hvort eigi að stilla upp aftur núna til eins árs. Nokkur umræða var um skipulagið og heiti þessara sjóða og SBF og GÖG fara yfir stöðu þessara sjóða fyrir fulltrúapingið 7. maí 2019, með JRD. Fram kom að þessir sjóðir eru með tvo fulltrúa frá fjármálaráðuneytinu í stjórn, með tveimur fulltrúum frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Þá var einnig farið yfir stöðu Starfsmenntasjóðs SLFÍ (0,32%), sem er að fullu á forræði félagsins. Fundarmenn óska eftir að fá send til sín gögn um „nýju“ sjóðina og mun SBF senda þau gögn til stjórnarmanna.

#### *Staða kjarasamninga*

- SBF fór yfir hvaða kjarasamningsatriði eru á borðum BSRB í þeirri nefnd sem formaður SLFÍ á sæti í. Fram kom að BSRB er í forsvari varðandi styttingu vinnuvikunnar, húsnæðismál, lífeyrismál, fæðingarorlof, starfsumhverfi og vaktavinnu, launaþróunartryggingu, framlag í sjúkra- og styrktarsjóði, jöfnun launa á milli markaða og bann við mismunun á grundvelli aldurs. SBF sagði frá því að LSH væri búin að gera reiknilíkan sem gengur út á að stytta vinnutíma vaktavinnufólks mismikið eftir tímasetningu vakta. SBF gerði einnig grein fyrir að Reykjavíkurborg hafi lagt fram hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar. Búið er að landa fæðingarorlofsmálunum sem var eitt af stóru málunum hjá BSRB, þ.s. orlofið er lengt í 9 mánuði og síðan í 12 mánuði. KÓ spurði hvort eitthvað væri að fréttu í umræðunni varðandi lækkun skatta eins og lofað var í Eflingar og VR samningunum, en það hafi ekki nein kynning um það orðið eða framkvæmd. Ekkert hefur frést af þessu loforði innan raða BSRB.

#### **4. Undirbúningur fyrir 28. Fulltrúaping Sjúkraliðafélags Íslands**

##### *Ársreikningar SLFÍ 2018*

- JJS fór yfir reikninga félagsins og útskýrði ýmsa liði reikninganna. Það kom fram hjá JJS að félagssjóður félagsins er í nokkuð góðu jafnvægi.

SBF sagði að hún vilji breyta upplýsingagjöf um bókhald og lagði til að fram færi uppgjör á hálfársfresti. Þá væri verið að vinna að launastefnu fyrir skriftstofuna og þar sem áhersla er á að auka gegnsæi á launasamsetningu starfsmanna.

JJS fór yfir félagsgjöld og fagfélagsgjöld, lagt var til að hækkunin væri í takt við launapróun. Félagstjórnin samþykkti og verður tillagan lögð fyrir fulltrúaþingið 7. maí.

JJS fór yfir og útskýrði fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2020, engar athugasemdir voru um áætlunina og samþykkti félagstjórn tillögur JJS og verða þær lagðar fyrir fulltrúaþingið 7. maí.

#### *Starfsmenn þingsins*

- Ræddar voru tillögur framkvæmdastjórnar um starfsmenn þingsins, þ.e að forsetar verði, Kristín Ólafsdóttir (KÓ) og Birna Ólafsdóttir og ritara verði Jakobína Rut Daníelsdóttir og Birna Ósk Björnsdóttir (BÓB) og voru tillögur framkvæmdastjórnar samþykktar af félagstjórn.

Helga Sigríður Sveinsdóttir (HSS) formaður Suðurlandsdeildar gerði athugasemd varðandi forseta og ritara og benti á að deila mætti þessum hlutverkum til félagsmanna á landsbyggðinni eins og ákveðið var fyrir nokkrum árum. SBF þakkaði fyrir þessa ábendingu og mun hafa það til hliðsjónar á næsta ári. KÓ benti á að hægt væri að hafa þetta á dagskrá á febrúarfundinum og þá geta formenn tilnefnt starfsmenn þingsins frá sínum svæðum. Allir sammála þessu.

#### *Skýrsla stjórnar/formanns*

- SBF fór yfir uppbygginguna á skýrslu formanns og helstu áherslur í skýrslunni. Í skýrslunni verða meðal annars tölfraðilegar upplýsingar um hve margir sjúkraliðar útskrifast og hve mörg leyfisbréf eru gefin út frá Landlækni. SBF sagði frá því að skýrslan (slóðin) verði send á félagsmenn, en hún verður einnig aðgengileg á heimasíðu SLFÍ. SBF sýndi flýthlekkina í skýrslunni yfir á skýrslur deilda.

SBF sagði einnig frá því hún stefni á að gera ákveðið grunnformat fyrir skýrslur deilda þannig að svipuð uppsetning verði á skýrslunum.

#### *Ályktanir*

- Farið var yfir drög að ályktunum sem búið var að vinna á og ýmsar breytingar gerðar, sem félagstjórn taldi þurfa að skerpa á. Samþykkt að leggja drögin fyrir þingið.

#### *Mönnun á hjúkrunarheimilum*

- Nokkur umræða var um stöðugildi og mönnunarmótel og sýndi SBF skýrslu sem Landlæknir sendi frá sér varðandi mönnun á hjúkrunarheimilum. Fundarmenn voru samþykktir því að gera þyrfti athugasemdir við þetta.

## **5. Fréttir frá formanni SLFÍ**

*EPN fundur í Osló*

SBF og GÖG voru á stjórnarfundum EPN í Osló í 3. maí. SBF fór yfir á fundinum hafi verið hefðbundin aðalfundarstörf og víðan verið lagður grunnur að skipulagi næsta stjórnarfundar, sem verður í Helsinki. Rætt var um að næsta ráðstefna á vegum EPN verður í Tromsö vorið 2020 og að félagar þyrftu að huga fljótlega að flugi til Tromsö fyrir fundinn 2020.

Fram kom að áhyggjur eru hjá fulltrúum allra landa varðandi vöntun á sjúkraliðum og griðarlegt álag í störfum þeirra. GÖG benti á að fram hefði komið á fundi EPN að aðstaður á vinnumarkaði aðildarlandanna færi oft eftir stjórnarfari landsins hverju sinni. Farið hafi verið yfir stöðu sjúkraliða í hverju landi, launin eru í svipuðum takti í Finnlandi eins og hjá okkur, nokkur sátt er í Svíþjóð og Noregi þar sem Norræna módelið er í gangi, þ.s. m.a. aðgengi að heilbrigðiskerfinu og skólakerfinu er ókeypis. Í Danmörku nýtist sjúkraliðanámið til frekara náms, en í Noregi og Íslandi er það ekki þannig.

Umræða var um þema á fundinum í Tromsö, en hugmyndir voru um að námið og framhaldsnámið verði rætt einnig var hugmynd um tækniþróun í hjúkrun.

*EPN fundur og málþing í Tromsö 4. til 5. júní 2020*

SBF fór yfir fyrirkomulag varðandi þessa ferð og var samþykkt að taka auka nótt á eigin kostnað, en bóka þarf flug fljótlega því að erfitt er að bóka svona stóran hóp. Ákveðið var að fela Birnu Ósk það að finna flug, en ljóst er að ekki er beint flug til Tromsö frá Íslandi. Hugmyndir eru að millilenda í bakaleiðinni og gista í íbúðinni í Kaupmannahöfn á kostnað þeirra sem gista.

*Launaskriðstrygging, dómsmál*

SBF fór yfir málið, - fyrirtaka um aðildina og frávísunarkrafa ríkislögmans er lokið. Frávísunarkröfu var hafnað og var henni áfrýjað til Hæstaréttar sem samþykkti dómsniðurstöðu Félagsdóms. Málið verður tekið fyrir efnislega í Félagsdómi þann 7. maí. Umræður voru um málið og mikil eftirvænting varðandi niðurstöðuna.

*Hýrudráttarmálið*

SBF fór yfir niðurstöðu máls sem tekist hefur verið á um frá því ljósmæður voru í verkfalli. Dómsniðurstaða í héraði og Hæstarétti um hýrudráttinn liggur fyrir og hefur kjara- og mannaússýsla ríkisins gengið frá greiðslum í samræmi við dómsniðurstöðu. Sjúkraliðafélagi sendi í kjölfar dómsins erindi til kjara- og mannaússýslu ríkisins um að niðurstaða dómanna gildi fyrir sjúkraliða sem voru í verkfalli haustið 2015. Því erindi hefur verið svarað og er stefnt á að leiðrétting launa vegna hýrudráttar sjúkraliða á forsendum dóms Hæstaréttar verði afgreidd 1. júní, nk.

*Fagháskólanám, framvinda*

SBF fór yfir stöðuna um fagháskólanámið og benti á að búið er að skrifa greinagóða skýrslu um námið. Óskað hefur verið eftir skýrslunni og virðist sem skýrslan hafi strandað hjá rektor HA. Óskað var eftir að erindi Sjúkraliðafélagsins um upplýsingar um framvindu skýrslunnar og hvenær skólinn hyggst hefja námi yrði tekið fyrir á fundi háskólaráðs. Þá hafi verið óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra og hefur sú fundarbeiðni verið margítrekuð.

*Fyrirhugaður vinnufundur í Kiðjabergi í september – október*

Miklar umræður voru um fyrirhugaðan vinnufund í Kiðjabergi þ.s. félagsstjórnarfundur er oft í okt. og í framhaldi síðan trúnaðarmannaráðsfundur. Ákveðið var að næsti félagsstjórnarfundur verði þann 9. okt. og trúnaðarmannaráðsfundur verði þann 10. okt. Lagt var til að vinnufundurinn yrði þann 21. september, (allan daginn) en fundarmönnum standi til boða að gista næturnar fyrir og eftir fundinn.

*Aðalfundur BSRB 10. maí 2019 kl. 10.00 til 15.00*

SBF fór yfir að venjan sé að framkvæmdastjórn ásamt Birnu Ólafsdóttur skrifstofustjóra SLFÍ sækji aðalfund BSRB, en SLFÍ á 5 fulltrúa. Málið rætt og í ljós kom að JJS og JT komast ekki og ákveðið að JRD og Ólöf Jóna Friðriksdóttir (ÓJF) munu mæta sem fulltrúa SLFÍ á aðalfundinn í stað þeirra sem ekki komast.

### **Önnur mál**

- Helga Sigríður Sveinsdóttir, formaður Suðurlandsdeildar benti á ýmis atriði sem laga þarf á nýju heimasíðunni og búið væri að láta BÓB vita. SBF hvatti fundarmenn til að vera dugleg að láta BÓB vita ef þeir sæju eitthvað sem betur mætti fara á heimasíðu SLFÍ.
- GÖG sagði frá að fulltrúar SLFÍ hefðu farið á fund þ.s. fyrirhugað starfsmat á LSH var kynnt og helstu niðurstöður. Nú liggur fyrir að læknar eru á móti starfsmati og getur það stoppað málið. Málið því strand og er spurning hvernig LSH fer með jafnlaunavottunina, þ.s. starfsmatið átti að vera hluti af jafnlaunastefnu spítalans.
- Hafdís Dögg talaði um að henni fyndist vera erfitt að standa frammi fyrir sjúkraliðanemum í VMA, sem væru sem ófaglærðir í Einingu Iðju á hærri launum, en sem nemar en sem sjúkraliðanemar í SLFÍ. Helga Sigríður Sveinsdóttir benti á að búið væri að binda fyrir þetta á Suðurlandi með ákvæði í stofnanasamningum.
- Helga Sveins á Austurlandi segir frá því að hluti sjúkraliða á HSA séu mjög ósáttir með sína röðun út frá stofnanasamningi, því það fáist ekki í gegn að greitt sé fyrir ákveðin viðamikil verkefni. Málið rætt og þeirri hugmynd komið á framæri hvort ekki væri hægt að launa ákveðna sjúkraliða á sjúkradeild fyrir þessi flóknari verkefni, en fyrir því er ekki stemming á svæðinu.
- GÖG fór einnig yfir að sjúkraliðar eigi ekki að sinna lyfjagjöfum fáir þeir ekki borgað fyrir það. Starfslýsingar sjúkraliða eru tengdar stofnanasamningum og um þetta er sérstaklega samið og lýtur að faglegru ábyrgð.
- SBF sýndi skýrslu formanns sem var að berast úr hönnun og fór yfir uppsetningu hennar.

Fundi slitið kl. 15.10